



Aðalþing aðildarfélaga MSÍ 2025

16. mars, 2025

Skýrsla formanns og stjórnar MSÍ.

Ágætu formenn og aðrir gestir! Fyrir hönd stjórnar MSÍ vil ég bjóða ykkur velkomin á formannafund aðildarfélaga og aðalþing MSÍ.

Árið 2024 var átjándi heila starfsár MSÍ. Í stjórn MSÍ árið 2024 sátu eftirfarandi: Guðmundur Gústafsson, formaður, Pétur Smárason en hann sinnir jafnframt stöðu framkvæmdarstjóra, Björk Erlingsdóttir, Sveinn Logi Guðmannsson, gjaldkeri og Oddur Jarl Haraldsson. Varamenn eru: Jónatan Þór Halldórsson, Guðbjartur Ægir Águstsson og Ingólfur Snorrason.

Rekstur sambandsins var með hefðbundnu sniði líkt og fyrri ár. Skráningarkerfið er áfram í þróun samhliða vinnu við nýja heimasíðu. En ákveðið var haustið 2022 að fara í þá fjárfestingu að koma upp nýrri heimasíðu. Síðan fór í loftið vorið 2024.

Áframhaldandi samstarf var við TM á árinu varðandi keppnistryggingar. 2023 var samið um að allir keppendur í Motocross og Enduro fái keppnistryggingu við skráningu í keppni. Tryggingar munu vera í boði í Snocrossi fyrir 2025. Um leið og skráð er í keppni er innifalinn trygging sem tekur til skaðabótaábyrgðar ökumanna.

Árið 2024 voru afgreidd 60 hjól með niðurfellingu á vörugjöldum vegna keppni í motocross, enduro og kappakstri. Einnig fóru í gegn nokkrar nafnabreytingar vegna eigendaskipta.

Tæknibúnaður sambandsins er alltaf í vinnslu og er vinna komin langt með þróun á GPS búnaði/sendakerfi fyrir Enduro og fleiri greinar. Samskonar sendar hafa verið notaðir í drifti til að sjá hvort bílar séu innan brautar. Þetta er verkefni sem fór af stað í samvinnu við Baldvin Hansson í KK árið 2022. Þessi búnaður mun umbylta brautargæslu og auka öryggi keppenda í Enduro og Hard Enduro.





Erlend þátttaka MSÍ í Coupe de l'avenir de motocross 2024

Þriðja árið í röð sendi MSÍ lið á Coupe de l'avenir de motocross. Í fyrsta skipti voru lið send í alla flokka samtals 9 ökumenn, 3 lið skipuð 3 ökumönnum. Keppnin var haldin í 52 skipti dagana 28 og 29 september í Circuit de la Ferme des Monts í Belgíu. Keppnin er árlegur viðburður þar sem sterkustu undir 21 árs ökumenn evrópu etja kappi. Sigurvegarar fyrri ára geta ekki keppt aftur í sama flokki og því alltaf nýr sigurvegari í hverjum flokki. Liðstjóri ferðarinnar var Guðbjartur Ægir Ágústsson og Pétur Smáráson fararstjóri. Ökumenn voru Máni Mjólnir, Viktor Ares og Aron Dagur í 65cc flokki. Arnór Elí, Ismael Isak og Benedikt Thor í 85cc flokki. Kári Siguringason 125cc, Eric Máni 250cc og Máni Freyr Pétursson 450cc. Mikil reynsla fyrir okkar keppendur og frábær viðbót við hæfileikamótun sambandsins, Ísland endaði í 9 sæti sem er frábær árangur.

Erlend þátttaka MSÍ í MXoN 2024

Í ár sendi MSÍ lið á MXoN sem haldin var 5 - 6. október í Matterley Basin Bretlandi. Ökumenn voru Eiður Orri (20 ára) í MX2, Máni Freyr (19 ára) í MXGP og Alexander Adam 18 ára í MX-Open, Þetta er sama lið og fór út til Frakklands 2023 og er bæði nú og þá eitt yngsta lið sem keppt hefur á MxoN. Keppnin í ár var mun þyngri fyrir okkar menn en fyrri ár en bæði var brautin erfið ásamt því að sjaldan eða aldrei hefur keppnin verið jafn hörð og allir sterkustu menn síðari ára í sportinu mættir til keppni. Mikill lærdómur fylgir þáttöku á svona stórmóti og þurfum við að gefa í og leggja meira í undirbúning fyrir slík mót í framtíðinni. Strákarnir voru sem fyrr landi og þjóð til sóma. Liðstjóri í ár var Gunnlaugur Karlsson.



Kappakstur 2024

Æfingar hófust í byrjun maí á vegum KK og voru út september. Tímabilið hófst með komu þjálfara frá Bretlandi, Jeremy Hill sem hélt námskeið í kappakstri og er þetta annað árið í röð sem hann heldur námskeið á Íslandi með góðum árangri.

Æfingar yfir tímabilið voru 31 og allt að 24 þátttakendur á æfingu. Að venju voru þrjár keppnir haldnar í kappakstri til Íslandsmeistara og voru 10 til 12 keppendur í hverri keppni.

Mikil vinna framundan í að byggja upp og bæta öryggi fyrir komandi tímabil í samvinnu við hag aðila.

Kvartmíla, götuspyrna og sandspyrna 2024

Árið 2024 voru þrjár kvartmílukeppnir haldnar hjá Kvartmíluklúbbnum til Íslandsmeistara. Mun færri keppendur en árið áður, hugsanlega vegna breytinga á flokkum sem lagðist "illa" í þátttakendur. 4 keppnir voru í 1/8 mílu sem haldnar voru hjá K.K og B.A. Þetta var fyrsta árið sem keppt var til Íslandsmeistara í 1/8 mílu.

Þrjár keppnir voru í sandspyrnu til Íslandsmeistara. Allar keppnirnar voru haldnar á vegum B.A. Stefnt er að því að fyrir sumarið 2025 að flokkar verði áfram í kvartmílu eins og hefur þekkt áður G- G+ og B, ekki klukkuflokkar

Motocross 2024

Á keppnisdagtali 2024 voru 5 keppnir, fyrsta keppnin haldin á nýju svæði við Helli þar sem mættu alls 49 keppendur. Næsta keppni var haldin á Akranesi og fór keppandafjöldi í 58, þá tók Akureyri við með 72 keppendur. Ný Selfoss braut á Bolaöldu svæðinu var næst með 54 keppendur en loka keppnin átti að vera í MotoMos en var felld niður vegna veðurs. Fjöldi keppenda hefur farið niður milli ára. samanlagður fjöldi keppnis skráninga í ár var 233 í þessum fjórum keppnum en hefði farið rétt yfir 300 hefði náðst að keppa í Moto Mos. Sé tekið tillit til þess er fækkun um 60 skráningar milli ára.

Enduro 2024

Enduro sumarið byrjaði af krafti í apríl á Vík í mýrdal með 83 keppendum, næsta keppni var í Þorlákshöfn með 66 keppendum. Þar var lögð gríðarleg vinna í brautar lagningu. Næstu 2 keppni voru í Bolöldu 57 keppendum í fyrri og 44 í seinni sem var í alveg nýrri braut.

Samanlagður fjöldi keppnisráningar var 250 í þessum 4 keppnum en var 349 í 5 keppnum árið 2023. Nýliðunin stóð vonum frammar en um 30 manns kepptu í enduro í fyrsta skipti árið 2024. Erfiðleikar hafa verið að fá keppnisleyfi á svæðum sem eru ekki skráð akstursíþróttar svæði en verður lögð vinna árið 2025 í að auðvelda það.

Snocross 2024

Tímabilið 2024 gekk mjög vel, aðsóknarmet slegin bæði hjá keppendum og áhorfendum. Fuel Kött hélt áfram að senda út allar keppnirnar á Youtube og öll mótin voru haldin af Snocross Iceland sem tryggði verulega gott keppnishald. Áhorf á hverja keppni er um 4000-5000. Á keppnisdagatali voru 5 keppni. Ólafsfjörður 52 keppendum, Grenivík 55 keppendum, Mývatnssveit 51 keppandi, Dalvík komu mjög sterkir inn eftir nokkura ára pásu með gríðalega fagmannlega umgjörð, mathöll og risa skjái 49 keppendum. Færa þurftir Egilstaða keppnina vegna of mikils snjós þar til Akureyrar og þar voru 70 keppendum. Snocross á Íslandi er í mikilli sókn.

Öryggismál og styrkir 2024

MSÍ sendi Guðmund, Björgvin og Pétur á keppnisstjóra námskeið vegna motocross og enduro í Bretlandi þar sem þeir öðluðust alþjóðleg keppnisstjóra réttindi frá FIM. Stefnt á að senda úr fleiri greinum 2025.

Slys á keppendum eru því miður enn of algeng og því er mikil áhersla MSÍ á öryggismál keppenda og brauta. Þannig eru allar keppnisbrautir sem notaðar eru í Íslandsmeistaramótinu teknar út og lagfæringar gerðar ef þarf.

Stjórn MSÍ ákvað að halda áfram að veita styrki til keppnishalds. Markmiðið með styrkjunum er að styðja sérstaklega við þau félög sem halda keppni til Íslandsmeistara.

Árshátíð og Lokahóf 2024

Árshátíð MSÍ 2024 heppnaðist vel og var einstaklega góð mæting 160 manns. Veitt voru verðlaun fyrir allar keppnisgreinar, einnig voru valin akstursíþróttakona Aníta Hauksdóttir og akstursíþróttamaður Eiður Orri Pálmarsson sem bæði hafa unnið til verðlauna í Motocross og Enduro.

Afreksstarf og afreksstefna 2024

ÍSí hefur verið með afreksstefnu fyrir Ísland frá árinu 2000, þar sem stefnt er á að Ísland skipi sér í fremstu röð í heiminum.

Sumarið 2024 var afburðar gott hvað varðar þjálfun iðkenda og menntun þjálfara. Richard Mike Johns og Josh Spink frá Bretlandi voru með mjög góð námskeið af erlendri fyrirmynd. Í afrekshópnum okkar eru um 30 ökumenn og í barnastarfi eru yfir 100 börn. Í sumar vorum við með Eypór Reynis, Mána Freyr, Ingvar, Eric Mána og Alexander að sinna þjálfun yfir sumarið ásamt því að farið var hringin í kringum landið á tæpum 2 vikum og kom Josh með í það verkefni og vann vel með þjálfurum og iðkendum okkar. 10 æfingadagar út í braut 8-10 tímar hver dagur. Mjög ánægjulegt að ökumenn úr afrekshópnum eru farnir að hjálpa til við þjálfun yngri iðkenda.

Okkar helsta markmið og stefna næsta árs er að fá sem flesta til að taka þátt í æfingum okkar og æfingamótum sem við stefnum á að halda næsta sumar. Jafnframt er það á stefnuskrá okkar að fá fleiri erlenda þjálfara til að vinna með þjálfurum og iðkendum til að byggja starfið enn frekar upp árið 2025. Mikil aukning hefur verið hjá okkar iðkendum í þáttöku í erlendum viðburðum, æfingum og keppnum.

Hringferð Route 1 Iceland 2024

Hringferðin, Route1 Iceland er verkefni sem sett var á laggirnar 2022 til að efla hæfileikamótun á landsbyggðinni og tengja saman landshluta. Ökumenn um allt land fá tækifæri til að æfa með þeim bestu og fá þjálfun með reyndum þjálfurum. Verkefnið snýr ekki síður að því að auka áhuga á motocross á Íslandi. Ferðin hófst við Bolaöldur og þaðan var haldið á Hellu, Vík í Mýrdal, Höfn í Hornarfiði, Egilsstaði og endað á Akureyri þar sem síðasta æfingin var haldin fyrir Íslandsmótið á Akureyri. Með í för voru þeir Josh Spink, Máni Freyr og Eyþór Reynis. Ferðin gekk það vel að ákveðið hefur verið að halda þessu verkefni áfram og hefur áhugi erlendra ökumanna aukist.

Barnastarf 2024

Barna- og unglíngastarf hefur verið í blóma 2024, svipuð þáttaka á æfingum og fyrri ára. Jafnframt fór þátttakan í æfingarmótum tengdum barnastarfinu fram úr björtustu vonum og er vel hægt að segja að framtíðin sé björt þar. Einnig var boðið uppá Motocrossfit sem eru úthalds og styrktaræfingar miðaðar að motocross iðkun, undir leiðsögn íþróttþjálfara. Það starf fer á fullt aftur þegar varanlegt húsnæði fæst.